



## Eftirlit með dýrahaldi

Um áramót fluttust verkefni búfjárefnarmanna til Matvælastofnunar. Samhliða breytingunni ákvað Alþingi að draga úr fjárframlögum til málaflokksins. Áætluð stöðugildi búfjárefnarmanna sem störfuðu hjá sveitarfélögum voru 10–12, en fjárheimildir Alþingis gera Matvælastofnun aðeins kleift að ráða í sex stöðugildi. Fjárheimildin felur að mestu í sér að Matvælastofnun er ætlað að afla eigin tekna, þ.e. að innheimta gjald fyrir framkvæmt eftirlit.

Fram til þessa hafa sum sveitarfélög innheimt gjald fyrir búfjárefnarlitið en önnur ekki og því kann mörgum bændum að bregða við að fá reikning frá Matvælastofnun í kjölfar heimsóknar. Ljóst er að mun færri fólk mun framkvæma eftirlitið núna en hingað til, en tæplega 40 búfjárefnarmenn, flestir í hlutastörfum, sinntu þessu eftirliti áður. Þessi fækkun kallar á uppstokkun eftirlitsins fyrr en til stóð, en ætlunin hafði verið að ráða menn í verktöku (fyrrverandi búfjárefnarmenn) til að sinna hluta eftirlitsins 2014, sem bændur þekkja undir heitinu „vorskoðun“.

Þessir sex nýju starfsmenn Matvælastofnunar eru allir með menntun í búvísindum og flestir með mikla reynslu á sviði hefðbundins búskapar, úrvals fólk og enginn vafi á að muni vinna gott starf, bændum til framdráttar. Þeir munu vinna undir stjórn héraðsdýralæknis, en á þremur svæðum starfa auk þeirra eftirlitsdýralæknar.

Stefnt er að því að aðeins einn eftirlitsmaður komi að jafnaði frá stofnuninni til að sinna öllu eftirliti í hverri heimsókn, misjafnt verður þá hvort eftirlitsmaðurinn er dýralæknir eða búvísindamaður að mennt, allt eftir því hvað til stendur að skoða hverju sinni.

Eftirlit Matvælastofnunar með dýrahaldi og matvælaframleiðslu á frumframleiðslustað (sveitabæjum) nær yfir eftirfarandi þætti:

Heilnæmi fóðurs, heilbrigði og líðan dýra, hollustuhætti í matvælaframleiðslu, notkun lyfja, merkingar dýra, fóðurbirgðir og gripafjölda, auk gæðastýringar í sauðfjárrækt. Í framtíðinni verður allt eftirlit byggt á áhættuflokkun, þ.e. allar tegundir dýrahalds verða flokkaðar eftir áhættu sem af dýrahaldinu kann að stafa, hvort heldur það snýst um áhættu sem kann að stafa af neyslu afurða viðkomandi dýra eða áhættu

sem dýrin sjálf kunna að verða fyrir, s.s. aukinnar hættu á sjúkdómum eða slæmri meðferð tengdu viðkomandi dýrahaldi. Áhættuflokkun þessi verður unnin hjá Matvælastofnun á árinu og til stendur að skipuleggja eftirlitið 2015 á þeirri áhættuflokkun. Í ár mun stofnunin hins vegar forgangsraða eftirlitsstöðum og eftirlitsþáttum á annan hátt, fjármunir og mannskapur til eftirlits eru af skornum skammti og því ríður á að nýta starfskraftana þar sem þeirra er mest þörfin.

Við ákvörðun um hvað verður skoðað og hvaða staðir verða heimsóttir verður litið til þekktrar sögu viðkomandi dýrahalds, stærð búa auk þess sem hluti eftirlitsstaða mun byggjast á slembiúrtaki í hverju umdæmi. Auk eftirlitsþáttanna sem taldir eru upp hér að framan þarf að bregðast við öllum ábendingum um illa meðferð á dýrum.

Á síðasta ári barst 371 ábending til Matvælastofnunar, þar af 215 vegna illrar meðferðar búfjár. Slíkum ábendingum hefur fjölgað mikið milli ára, sem líklega má rekja til aukinnar meðvitundar almennings og að auðvelt er að koma ábendingum á framfæri, en flestir tilkynna í gegnum heimasíðu Matvælastofnunar með því að smella á táknid „Ábendingar“.

Lögum samkvæmt skal opinbert eftirlit að jafnaði framkvæmt án boðunar og því kann mörgum bændum að bregða við ef eftirlitsmaður birtist á bæjarhlaðinu. Ég bið bændur að taka það ekki óstínt upp banki eftirlitsmaður óvænt upp á, það er ekki við hann að sakast, en auðvitað getur sú staða komið upp að illa standi á hjá einhverjum og þá taka menn einfaldlega á því í sameiningu og leita lausna. Mér er kunnugt um að sumum bændum finnst óboðað eftirlit hinn argasti dónaskapur, það sé íslensk kurteisi að boða komu sína, en svona eru reglurnar sem samfélagið setur okkur.

Alþingi setur lög, ráðuneytið setur reglugerðir og hlutverk Matvælastofnunar er að hafa eftirlit með að þeir sem halda dýr og framleiða matvæli fari eftir settum lögum og reglum.

Í næsta pistli verður fjallað um framkvæmd eftirlitsins, skoðunarskýrslurnar, andmælaréttinn og afleiðingar þess þegar frávik eða alvarleg frávik finnast við dýrahaldið, þ.e. frávik frá ákvæðum laga eða reglugerða.